

Jöfnum höndum breytist 1. mgr. 17. gr. um atkvæðisrétt.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h.f., hinn 31. mars 1979 og 29. mars 1980.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h. f.

Gunnar J. Friðriksson. Þórður Gröndal. Kristinn Guðjónsson.

Kjartan Ólafsson. Sigurður Magnússon.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með sem samþykktir fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f. Jafnframt eru úr gildi fallnar samþykktir nr. 434, 22. september 1975 fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Jafet S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 435 frá 22. september 1975
fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

1. gr.

1. gr. hljóði svo:

Iðnaðarbanki Íslands h.f. er stofnaður samkvæmt heimild í lögum nr. 113 frá 29. desember 1951.

Bankinn er hlutafélag og hlutafé hans að minnsta kosti 1 000 milljónir króna. Heimilt er lögætum aðalfundi að auka hlutaféð, sbr. lög nr. 31. frá 27. apríl 1963, samkvæmt ákvæðum 4. gr. A og gefa út jöfnunarhlutabréf samkvæmt ákv. 4. gr. D samþykkt bankans.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, bankaráð sem kosið er á aðalfundi bankans og bankastjórn, sem bankaráð ræður.

2. gr.

47. gr. hljóði svo:

Reikningsár Iðnaðarbankans er almanaksárið. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Skal gerð ársreiknings lokið fyrir febrúarlok og skal hann lagður fyrir endurskoðendur án tafar og eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórn. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi, skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum.

Yfirlit yfir hag Iðnaðarbankans skal gera mánaðarlega.

3. gr.

49. gr. hljóði svo:

Aðalfundur hluthafa kýs hlutfallskosningu tvo endurskoðendur, til eins árs í senn. Ennfremur skal bankaráð ráða endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til

endurskoðunarstarfa. Skulu endurskoðendur hafa samráð um störf sín. Endurskoðendur skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa góða þekkingu og reynslu í bókhaldi og bankaviðskiptum. Þeir mega ekki vera í þjónustu Iðnaðarbankans að öðru leyti, bankaráðsmanna, bankastjóra eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi bankans eða fjármálum. Endurskoðandi má heldur eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Kjósa má endurskoðendur úr flokki hluthafa sem utan hans. Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur og stöðu. Bankaráð og bankastjórar skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Skal þeim heimill aðgangur að öllum bókuðum félagsins og skjölum og jafnframt skal bankaráðið og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té. Fyrir marsmánaðarlok skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Iðnaðarbankans og ber þeim þá þegar að afhenda hann ásamt endurskoðunarskýrslu stjórn bankans. Hafi athugasemdir komið fram í endurskoðunarskýrslu skal bankastjórnin í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við bankaráð og bankastjórn skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók, eða færa fram á skriflegan hátt. Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins. Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er óheimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

4. gr.

50. gr. til 54. gr. falli niður.

5. gr.

55. gr. til 64. gr. verði 50. gr. til 59. gr.

6. gr.

65. gr. hljóði svo:

Breyting á reglugerð þessari 3. desember 1980 var samþykkt á aðalfundum Iðnaðarbanka Íslands h. f. hinn 31. mars 1979 og 29. mars 1980.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Jafet S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflökka.

1. gr.

Á eftir 12. gr. reglugerðarinnar komi svohljóðandi grein.